

andvörp eða vopnabruk hálfsiðaðrar þjóðar, eða heróp eða mannavíg. Það eru til setningar og stef frá fyrri tímum, sem enn tala til vor með guðdómlegri speki. 90. sálmur Davíðs er enn viðkvæm orð fyrir marga af oss. „Drottinn þú varst vort athvarf frá kyni til kyns. Áður en sjöllin fæddust og þú tilbjóst jörðina og heiminn, jí, frá eilífs til eilífðar ert þú vor guð. Þú gjörir manninn að dufti og segir komið aftur þér mannanna börn, því fyrir þ'num augum eru þúsund ár sem dagurinn í gær þí hann er liðinn, og eins og nætur vaka. Þú burtskolar þeim, þeir eru sem draumur, því allir vorir dagar hverfa burt, vér eyðum vorum árum eins og draumi“. Þessi orð tala til vor eins skýrum orðum í dag, eins og þau hafa nokkru sinni gjört um þúsundir ára.

Hver getur svo komið inn á listasöfn, þar sem hundruð mynda skreyta veggina, myndir af goðfögrum mönnum og konum, er milarahöndin hefir dregið, mönnum, sem horfnir eru úr heiminum fyrir mörgum mannsöldrum, fyrir þúsundum ára,—að þeim hinum sömu komi ekki til hugar, „þúsund ár eru sem dagurinn í gær þí hann er liðin og eins og næturvaka“. 200 mannsaldrar eins og einn draumur, sem ekkert, á þessari tefmans strönd. Og þegar vér hugsunum um það, hvílik firn, hvílík býsn æsku og segurðar og gæða ber ekki þessi bið, sem vér köllum tími, burt úr vorum heim! Meðan vér tefjum, jafnvel um vora stuttu stund, sjáum vér það vera að smáhverfa. Eitt ár, og því sem ádur var segurðin sjálf, því fer að halla, annað ár til, og það er horfið, liðið burt eins og skuggi af ásjónu ungmannisins, en annar dýpri skuggi kominn í þess stað, frostskuggar afhallandi kvelds eða komandi nætur.

En stöndum við og hugsun oss betur um og þá heyrum vér enn annað orð, er til vor kallar og það framan úr fornri tíð. „Deyr fé, deyja frændr, deyr sjálfr it sama, en orðstírr deyr aldregi hveim er sér góðan getr“. Einnig sönn orð, lifandi mál, og það einkum fyrir oss nu í dag. Það sefar oss að hugsa til þess, það veitir oss meiri kjark þegar hinni myndinni um fallvaltleik og hraðstreymi tímans ber oss fyrir auga: „Orðstírr deyr aldregi, hveim er sér góðan getr“. Lífið svíkur aldrei